

## Skilablað – Húsnaðismál MAST og Fiskistofu á höfuðborgarsvæðinu

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna húsnaðismála Matvælastofnunar (MAST) og Fiskistofu á höfuðborgarsvæðinu.

### 1 Upphaf verkefnis

Þann 3. febrúar 2016 barst verkbeiðni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um að FSR ynni þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir Fiskistofu og MAST.

Verkkaupi var atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og síðar fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Tengiliðir verkefnisins voru Guðrún Gísladóttir, skrifstofustjóri hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, og Hrafn Hlynsson, sérfraeðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) var Róbert Jónsson.

**Nánar um Fiskistofu:** Höfuðstöðvar Fiskistofu fluttust til Akureyrar frá Hafnarfirði 1. janúar 2016. Þær eru í Borgum á Akureyri en starfsstöðvar eru á fimm öðrum stöðum á landinu, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði og Höfn í Hornafirði. Afgreiðsla og póstfang Fiskistofu verður enn um sinn í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði.

Fiskistofa annast stjórnsýluverkefni á svöldi sjávar- útvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl.

**Nánar um MAST:** Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi en stofnunin rekur einnig umdæmmisskrifstofur við vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings sjávarafurða frá ríkjum utan EES.

Stofnunin sinnir stjórnsýlu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

### 2 Verklýsing

Bergljót Einarsdóttir, verkefnastjóri hjá FSR, vann þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir báðar stofn-

anirnar. Niðurstaða þarfagreiningarinnar í febrúar 2017 var að sameiginleg húsnaðispörf þeirra hluta Fiskistofu og MAST sem um var að ræða væri um 1.390 m<sup>2</sup> brúttó.

Leigusamningur vegna Fiskistofu um leigu á 2.073 m<sup>2</sup> húsnaðis í Dalshrauni 1 gildir til 30. desember 2025. Fjármála- og efnahagsráðuneytið bað því um að fyrrnefndar stofnanir yrðu mátaðar inn í húsnaðið í samræmi við þarfagreininguna og um það verkefni var stofnað nýtt verknúmer, 633 0128.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Þann 23. febrúar 2016 fékk verkefnið verknúmerið 633 0114. Þá var verkkaupi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Þann 18. október 2017 fékk síðan verkefnið verknúmerið 633 0128. Þá var verkkaupi fjármála- og efnahagsráðuneyti.

### 4 Framvinda

Gíslina Guðmundsdóttir, verkefnastjóri og arkitekt hjá FSR, mátaði stofnanirnar inn í húsið í samráði við notendur. Hvor hæð í Dalshrauni 1 er um 1.000 m<sup>2</sup>, en ákveðið var að stærri hluti Fiskistofu en upphaflega var áætlaður yrði áfram í Dalshrauni. Í ljós kom að hentugast væri að Fiskistofa flytti alfarið niður á 2. hæð, en MAST yrði til húsa á 3. hæð hússins. Ákveðið var að tölverð samnýting væri viðhöfð, meðal annars með sameiginlegri matstofu, móttöku og fundarherbergjum.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður við vinnu FSR við verknúmer 633 0114 var 675.130 kr. og við verknúmer 633 0128 var kostnaður 3.345.983 kr., eða alls 4.021.113 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða FSR var að vel gæti farið um starfsfólk stofnananna á báðum hæðum í húsinu með lágmarksbreytingum að óskum notenda.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Verkkaupi ákvaði í samráði við viðkomandi fagráðuneyti, atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, að farið yrði í lágmarksbreytingar á hæðunum í samræmi við óskir notenda.


Gíslina Guðmundsdóttir og Guðrún Fanney Sigurðardóttir, verkefnastjórar og arkitektar hjá FSR, höfðu umsjón með breytingunum, en þær voru unnar á kostnað fagráðuneytisins og í samráði við Guðrún Gísladóttur, skrifstofustjóra hjá fagráðuneytinu.

### 8 Verklok

Lágmarksbreytingar, heilmálun o.fl. og í framhaldi af því flutningar Fiskistofu niður á 2. hæð og að lokum flutningar MAST á 3. hæð í Dalshrauni 1 fóru fram í lok sumars og um haustið 2018.

## 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað  
fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

  
Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri

  
Róbert Jónsson, verkefnastjóri